

um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Björn Pálsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga, með hverjum hætti verði á komið bústofnslánastarfsemi, er geri efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Búnaðarbanka Íslands, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Nefndin kys sér formann.

#### Greinargerð.

Mikil þörf er á fastri og skipulagðri bústofnslánastarfsemi hér á landi. Margir bændur þurfa að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komið sér samlega af og staðið undir kostnaði af margháttuðum framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum. Og með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa víða skapast skilyrði til að framfleyta miklu meiri búpeningi á hverri jörð en áður. En þá vantar efnaminni bændur það fjármagn, sem nauðsynlegt er til slíks bústofnsauka. Þörf frumbýlinga, flestra hberra að minnsta kosti, á bústofnslánum er þó enn brýnni. Það er alkunna, að það þarf verulegt fjármagn til þess að byrja búskap í sveit, svo að nokkur mynd sé á. Þau munu því miður vera tiltölulega fá ungu hjónin, jafnvel þótt ráðdeildarsöm séu, sem hafa ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni, nema þá að þau styðjist við vænan arf eða mikla hjálp venzlamanna. Langflest ung hjón eiga því aðeins um það tvennt að velja að byrja sveitabúskap af vanefnum og með allt of litlum bústofni og komast svo kannske seint eða aldrei úr kútnum eða þá að stofna til heimilis í kaupstað eða kaupþúni, þótt hugur þeirra hafi fremur staðið til sveitabúskapar. Það er ekkert undarlegt, þó að þau velji oftast síðari kostinn, og koma þar reyndar fleiri ástæður til greina. En það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum hin mesta hjálp, ef þeir ættu kost á föstum bústofnslánum. Slík frumbýlingslán mundu vafalítið stuðla að því, að miklu fleiri hjón en ella reistu bú í sveit.

Um nauðsyn fastra bústofnslána verður því naumast deilt, enda er langt síðan hún varð mönnum ljós. Tillögur um slík lán hafa meðal annars nokkrum sinnum komið fram á Alþingi, enda þótt sýnilegur árangur þar af sé næsta lítil. Þó eru nú í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum, þ. e. ákvæði l. 31/1930, um sveitabanka (bústofnslánafélag), og ákvæði ræktunarsjóðslaganna frá 1947, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að veita lán til bústofnsauka. Fyrri lögin hafa aldrei komið til framkvæmda, og heimild ræktunarsjóðslaganna til bústofnslána mun ekki hafa verið notuð, enda tæplega við því að búast, meðan ræktunarsjóðurinn hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð.

En það er ekki nóg, þó að menn séu sammála um nauðsyn þessarar lánastarfsemi. Aðalvandinn er að sjá slíkri lánastofnun fyrir fé. Hvar er hægt að fá peninga til hennar? Það er sú spurning, sem menn verða fyrst og fremst að velja fyrir sér.

Vafalaust verður því haldið fram, að erfitt sé að reka bústofnslánastarfsemi, þar sem trygging í búpeningi sé vafasöm. Hefur það óneitanlega við nokkur rök að styðjast. En menn mega þó ekki láta þau vandkvæði vaxa sér í augum, enda er vafalaust hægt að gera ýmsar ráðstafanir til að draga úr þessari áhættu, t. d. með tryggingu hins veðsetta búfjár. Lánskjörin hafa hér einnig sitt að segja. Þess er tæplega að vænta, að bústofnslán gætu orðið með sömu kjörum og byggingarsjóðs- og ræktunarsjóðslán. Bústofnslán yrðu sjálfsagt að vera til skemmri tíma, og sennilega þyrftu þau að vera vaxtahærri. Þau gætu þrátt fyrir þetta orðið bændum til mikils hagræðis. Allt þetta mál þarf nákvæmrar athugunar við. Því er lagt til, að sérstakri nefnd sé falið að athuga það og gera tillögur til úrbóta. Virðist eðlilegt, að þær stofnanir landbúnaðarins og bænda, sem nefndar eru í tillögunni, tilnefni sinn manninn hver í nefndina.

Það verður að reyna að leysa þetta vandamál með einhverjum ráðum. Þróun þjóðfélagsmála er komin á það stig, að telja má ófært lengur, að frumbýlingar, sem þurfa að festa kaup á bústofni, og bændur, sem nauðsynlega þurfa að auka bústofn sinn til þess að geta sómasamlega lifað af honum, eigi engan kost á föstum lánum í því skyni.